

**Ed.**

**402. Breytingartillögur**

**[182. mál]**

við frv. til l. um sölu Þingeyjar í Skjálfafljóti.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Suður-Þingeyjarsýslu ókeypis til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Þingey í Skjálfafljóti, sem er  $\frac{3}{4}$  hlutar eyjarinnar. Afhendingin fari fram með því skilyrði, að landið verði friðað fyrir ágangi búfjár og sýslan taki að sér verndun þeirra minja, sem eru á eyinni, um hið forna þinghald þar. Skal sú verndun framkvæmd í samráði við þjóðminjavörð ríkisins.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Óheimilt skal Suður-Þingeyjarsýslu að selja þessa eign eða láta hana afhendi, nema til ríkisins. Hætti sýslan að annast eignina á þann hátt, sem 1. gr. mælir fyrir um, fellur þessi hluti eyjarinnar aftur undir ríkið endurgjalds-laust.